

71
7. maí

L Ö G

um

vernd atvinnufyrirtækja gegn órjettmætum prentuðum ummælum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hlutaþjelög, samlagsþjelög, samvinnuþjelög og önnur atvinnufyrirtæki, þar með talin þau, er rekin eru af hálfu hins opinbera, skulu njóta sömu lagaverndar sem einstakir menn gegn órjettmætum prentuðum ummælum, sem fallin eru til að hnekkja atvinnurekstri þeirra.

2. gr.

Nú telur einhver þeirra aðilja, sem getur í 1. gr., sjer fjárhagslegt tjón gert með slíkum ummælum, og skulu þá bætur þær, er honum kunna að verða gerðar, miðast við tjón það, er hann færir sönnur á, að ummælin hafi bakað honum áður en hann hóf málsóknina.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.